

Minning um móður mína Guðrúnu Rafnsdóttur

Fædd 22. mars 1910. Dáin 25. október 2004.

Við útför 3. nóvember 2004.

Með fáum orðum vil ég minnast móður minnar.

Mamma ræddi oft við mig um atburði sem fyrir báru í lífi hennar og allt eins þá sem áttu sér stað fyrir mitt minni eða jafnvel mína fæðingu. Sumt gerði hún oft að umræðuefni, annað talaði hún sjaldan um en ræddi það þannig að það snart mann djúpt. Með árunum fór það svo að mér hafa fundist minningar hennar vera allt eins minningar mínar. Hún var móðir mín og ég var dóttir hennar. Undir lokin var ég einnig sem móðir hennar.

Langholtsvegurinn hefur verið fastur punktur í tilverunni frá því að ég man eftir mér. Þegar Rafn bróðir minn var fimm ára keyptu foreldrar mínir þetta litla hús með stóra garðinum. Fram að því höfðu þau búið í leiguherbergjum með aðgangi að eldhúsi og snyrtingu. Eftir flutninginn þangað þurfti ekki að sussa lengur á fjörugan dreng.

Heimilisbragurinn mótaðist af mörgu. Sameiginleg hugsjón foreldra minna um jafnan rétt og bræðralag sveif alla tíð yfir vötnum og hafði mótandi áhrif á samræður og ákvarðanatökur. Samt minnst ég þess ekki að pólitík væri mikið rædd á heimilinu – hún bara var. Aldrei var hallað máli á nokkurn mann né ógætileg orð látin falla, jafnvel þótt oft blési að utan og þung högg reidd. Þau voru bæði heiðarleg, grandvör og reglusöm.

Mamma hafði fastmótuð viðhorf til eilífðarmálanna. Hún var örugg um sinn guð almáttugan og ýmist bað til hans eða ræddi við hann um það sem henni lá á hjarta. Hún kynnti sér kenningar spíritista og trúði því staðfastlega að jarðvistin hér væri lítill en mikilvægur áfangi fyrir sálina á leið til meiri þroska. Hún taldi að samferðarfólk hennar ætti lengri kynni að baki og myndi hittast aftur og aftur, bæði hér og á öðrum tilverustigum. Hún var alveg viss um að ég og hún hefðum oft verið saman áður, ýmist sem dóttir eða móðir. Í hennar huga var dauðinn

nauðsynlegur liður í vistaskiptum og horfði hún til þeirra með tilhlökkun og reiknaði með að hitta ástvini þar, til dæmis Fríðu systur sína og Marsa frænda. Hún lifði báða syni sína og tók því með æðruleysi.

Mamma var fyrst og fremst gefandi. Hún elskaði, bjó í haginn og vann mikið til að skapa sér og sínum öryggi. Hún ræktaði berjatré svo börnin hennar fengju vítamín. Hún gaf krúska og heilhveitibrauð, blandaði heilsudrykki, klæddi börnin sín í ullarbol, lagði kamfóru á kodda og færði kakó í rúmið á jólum, ekki bara börnum sínum og manni, heldur einnig tengdaföður og mágkonu.

Eftir að ég flutti út á land fyrir þremur áratugum breytti samband mitt við foreldra mína um form og styrktist enn frekar. Eftir lát þabba töluðum við mamma daglega í símann, okkur báðum til ánægju. Ýmist ræddum við hvers dagslega hluti eða leystum stórmál í þjóðfélaginu. Fram undir það síðasta fylgdist mamma með í þjóðmálaumræðunni og tók afstöðu. Kosningaréttinn nýtti hún að sjálfsögðu alltaf.

Mamma var yngst Rafnsbarna og nú er hún látin. Við sem hér erum saman komin höfum verið samferða henni um hríð. Þegar hún fór á Skjól var slegin um hana skjaldborg. Ég vil sérstaklega þakka ykkur sem heimsóttuð hana og rædduð við hana í síma, einkum vil ég nefna Árna, Völlu, Erlu og Kollu. Á hjúkrunarheimilinu Skjóli ríkir hlýja og fagmennska. Deildarhjúkrunarfræðingi Guðnýju Guðmundsdóttur og öllu hennar starfsfólki færi ég afar miklar þakkir fyrir þá alúð sem þau sýndu móður minni. Ég vil einnig færa Jóni Eyjólfí Jónssyni lækni sérstakar þakkir fyrir hans framlag til velferðar mömmu.

Eftir að ég fullorðnaðist hefur mér þótt það gæfa mín að eiga þá foreldra sem ég átti, nákvæmlega eins og þeir voru. Ég þakka móður minni og þeim báðum uppeldið. Það verður ekki lögð mælistika á ástina. Farin er góð móðir sem elskaði skilyrðislaust börnin sín þrjú. Megi hún hvíla í friði.

Rósa Eggertsdóttir